



KLIFURHÚSIÐ

Erindi

Dagsetning: 01.09.2023

Höfundur: Klifurfélag Reykjavíkur

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt-, og tómstundaráð

Efni: Húsnæðisvandi Klifurfélags Reykjavíkur

Haustið 2022 sendi Klifurfélag Reykjavíkur tvö erindi á Menningar, íþrótt-, og tómstundaráð vegna húsnæðisvanda og aukins rekstrarkostnaðar félagsins en ekkert svar hefur enn borist. Félagið hefur ráðist í þó nokkrar breytingar síðan fyrsta erindið var sent. Fyrst ber að nefna að félagið lauk við endurnýjun á leigusamning við eigendur að aðstöðu félagsins í Ármúla 23 sem fól í sér verulega hækkun, eða sem nemur rúmlega 600.000 kr. á mánuði, á þeim leigugjöldum sem félagið hafði notið í 10 ár. Mánaðarleiga fyrir Ármúla 23 hljómar nú uppá 1.776.365 kr. á mánuði og er vísitölutengd. Með endurnýjun á samningum tryggði félagið sér áframhaldandi aðstöðu og tryggði starfsemi næstu 5 árin. Því til viðbótar stækkaði félagið æfingaraðstöðu sína með leigu á húsnæði við hliðina núverandi aðstöðu, í Ármúla 21, og er leigukostnaður þar 1.730.489 kr. á mánuði.

Þessi tvö skref voru nauðsynleg til að bæði tryggja áframhaldandi starfsemi félagsins í Ármúla 23 og mæta þeim mikla vexti sem íþróttin hefur verið í undanfarin ár. Húsnæðið í Ármúla 23 var löngu sprungið og félagið gat ekki lengur sinnt grunnþörfum iðkenda með fullnægjandi hætti en með tilkomu viðbóttarrýmis í Ármúla 21 er hægt að dreifa álaginu betur og starfsemi félagsins hefur nú þegar tekið mjög jákvæðum breytingum. Félagið hefur alfarið staðið sjálft undir þeim kostnaði sem fólst í framkvæmdum og stækkun aðstöðunnar undanfarið ár.

Rekstrar- og þjónustustyrkur félagsins hefur verið óbreyttur síðan 2011 og ekki hækkað í takt við verðlag. Stjórn og starfsmenn klifurfélagsins óska því eftir að mánaðarlegur rekstrarstyrkur Reykjavíkurborgar til félagsins hækki um það sem nemur framangreindri hækkun á leiguverði félagsins, eða sem nemur í kringum 2.430.000 kr. og að þjónustustyrkur að upphæð 3,3 milljónir á ári verði endurmetin í samræmi við launavísitölu og verðlagsþróun.

Einnig viljum við nýta tækifærið og inna eftir svörum frá ÍTR um hverjar framtíðarhorfur félagsins eru vegna áætlana um stækkun á húsnæði og flutning á starfsemi félagsins í Toppstöðina í Elliðaárdal. Eins og staðan er í dag er viðtæk starfsemi í húsnæði félagsins með 210 börn á almennum æfingum, 45 afreksíþróttamenn og yfir 1600 iðkendur í heildina. Mikilvægt er fyrir sérgreinafélag, líkt og Klifurfélag Reykjavíkur, að geta fundið varanlegt húsnæði fyrir starfsemi félagsins til lengri tíma.

Virðingarfyllt,

Stjórn og starfsmenn Klifurfélags Reykjavíkur